

merkilega vel úr garði gerðar og njóta þeir þess enn í dag. Menn reyni að fmynda sér hvernig ástandið væri, ef einungis hefði verið þrykkt einhæf nafnaskrá!

Má minna á það, að lítið segir frá löngum kafla í íslenskri myndlist vegna þessarar vanrækslu, á meðan aðrir, sem sáu um, að gerðir þeirra gleymdust ekki, eru menn dagsins í dag.

Má telja að ýmislegt væri öðruvísi og heilbrigðara í íslenskri myndlist, ef þessi hlið hefði verið ræktuð í sama mæli og gert er hvarvetna erlendis. Þá væri ekki mögulegt að skálda í eyðurnar í þeim mæli og gert er.

Mikill ljóður er þó á framkvæmd sýningarinnar, hve stutt hún stendur yfir eða einungis í tvær vikur, en einn mánuður er hið minnsta, sem slík framkvæmd þarf til umleikis og kynningar.

Ánægjulegt er að sjá gömlu verk Septemberráðgjafanna í Austursal, en ég man ljóslega eftir mörgum þeirra frá sýningunum í gamla daga, en um leið sakna ég annarra, sem urðu mér minnisstæð.

Grímuformið var lengi mjög áberandi og var hingað komið frá París eftir ýmsum krókaleiðum en þó aðallega frá Kaupmannahöfn og áhrifum frá dönskum myndlistarmönnum. Annars átti það upphaf sitt í París á fyrstu áratugum aldarinnar og hér var Henri Matisse mikill áhrifavaldur, en það var hann, sem benti Picasso og öðrum á fegurð frumstæðrar listar þá nýkominn úr ferðalagi í Afríku. Varð það til þess að Picasso og fleiri eyddu mörgum stundum á Mannfræðisafninu í París (Museum de l'Homme), en þar er eitt stórkostlegasta samsafn frumstæðrar listar, sem til er á einum stað í heiminum. Árangur þessa nývakta áhuga geymir svo listasagan.

Hér á landi var þetta iðkað sem hrein rannsókn á myndrænum lögmálum, en án beinna tengsla við upprunann vegna fjarlægðanna. Sá er kemur í þetta safn og reikar á milli glerskápa, er geyma hvers konar grímur og gjaldrafigúrur frá hinum ýmsu héruðum Afríku og Asíu, svo og list Indíána og Eskimóa, hlýtur að skynja betur hvað lá að baki þessum áhuga.

Hér var nefnilega um að ræða svo ríka skynræna formkennd, að menn hljóta að falla í stafi, sem á annað borð eru móttækilegir fyrir formræna fegurð og myndrænt samræmi.

Uppruninn er jafnan það, sem meginmáli skiptir í allri myndlist, og það sérstaka endurvarp áhrifa frá næsta umhverfi og hugsunarhætti, sem fram kemur í myndverkunum.

Þess vegna hljóta þau verk að lifa lengst, sem afhjúpa tilfinningu gerandans fyrir umhverfi sínu og lífinu allt um kring og gildir þá einu hvort um sé að ræða lit- og formræn blæbrigði, ströng uppbygging forma eða frammúrskarandi myndræn eftirgerð hlutveruleikans.

Það er nefnilega að mínu mati ekkert til sem nefnist alþjóðamál myndlistarinnar án persónulegrar lifunar og framsetningar.

Sýningin September – Septem verður manni með mína yfirsýn ósjálfrátt tilefni til hugleiðinga eins og hér hafa verið settar fram, sjálfir sýnendurnir staðfesta fyrri styrk og hafa sjaldan verið betri, en endalaust mætti deila um val verka, en það hefur að mínu viti tekist vel í stórum dráttum. Ég hef árlega skrifað um Septem og leita ekki í endurtekningar hér. Annars vegar væri meira en fróðlegt að sjá hvað ungir hafa um þessa sýningu að segja, sem hafa þróunina í meiri fjarlægð og því kasta ég boltanum til félaga míns hér við blaðið og grípi hann boltann ef vill...

## BALLET KLASSÍSKUR BALLET

Kennsla hefst 17. september.

Námskeið fyrir byrjendur (yngst 4ra ára) og framhaldsnemendur.

Innritun í síma 72154 frá kl. 11–19.

Afhending skírteina laugardaginn 15. september frá kl. 12–16.

Kennsluferfi: ROYAL ACADEMY OF DANCING RUSSIAN METHOD.

Félag íslenskra listdansara

## BALLETSKÓLI SIGRÍÐAR ÁRMANN

SKÚLAGÖTU 32-34



ISUZU GEMINI



## VERÐSPRENGING!

■ ■ ■ Isuzu Gemini. LT þriggja dyra hlaðbakur kostar aðeins **766** þúsund og LT fjögurra dyra **786** þúsund krónur.

Isuzu Gemini er kallaður STÓRI SMÁBÍLLINN, vegna hins ótrúlega rýmis sem í honum er. Í Gemini sameinast frábær stjórnsvörun, sparneytni, viðbraðgssnerpa og þægindi.

Vélin er 1300cc. 72 hð., hann er framhjóladrifinn, 5 gíra, með afstýri, alihemlum, PCV-læsingavara á hemlum og upphitaðri afturrúðu.



Komdu með fjölskylduna og reynsluaktu þessum frábæra bíll

### ÁRLEG ÓKEYPIS SKOÐUN!

Árlega koma fulltrúar framleiðenda hingað til lands og skoða bílana, eigendum að kostnaðarlausu.

### ÞRIGGJA ÁRA ÁBYRGÐ!

Við bjóðum nú þriggja ára ábyrgð á þessum frábæru bílum.

Greiðslukjör eru við allra hæfi.

Öll verð eru staðgreiðsluverð. Bílamir eru ryðvarðir, skráðir, tilbúnir á götuna með útvarpi og segulbandi.

SAMBAND ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA  
**JÖTUNN**

Til liðs við þig

HÖFÐABAKKA 9 112 REYKJAVÍK SÍMI 91-670000 OG 674300

Leitum og við munum finna!

 **HITACHI**